

**Ed.**

**3. Frumvarp til laga**

**[3. mál]**

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

**1. gr.**

Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málafni hennar heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga með því að efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist, íslenskri og erlendri, og auðvelda mönnum að njóta hennar, m. a. með hljómlistarflutningi víðsvegar um landið.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

3. gr.

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

- a) Ríkissjóður 56%
- b) Ríkisútlag 25%
- c) Borgarsjóður Reykjavíkur 18%
- d) Bæjarsjóður Seltjarnarness 1%

Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila á viðskiptagrundvelli um uppfærslur.

Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkv. þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförunum árum.

Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fái greidd af slíkum tekjum hennar.

4. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til fjögurra ára og ákveður henni þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn en endurráðning er heimil. Stjórn hljómsveitarinnar ákveður verksvið framkvæmdastjóra.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

7. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar. Skal hún skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskálda-

félagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfs-  
mönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg. Ráðinn hljóm-  
sveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar  
er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og skal hann hafa staðgóða tónlistar-  
menntun.

Verkefnavalsnefndin skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera  
kostnaðaryfirlit fyrir eitt ár í senn og skal leggja það fyrir stjórn til samþykktar  
eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé  
stofnunarinnar.

#### 8. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveit-  
ingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggja fyrir þegar fjárlög eru undir-  
búin og afgreidd og fjárhagsáætlunir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri  
býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að  
fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal  
gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar.  
Við gildistöku þessara laga telst Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga höfuðstól sam-  
kvæmt efnahagsreikningi hljómsveitarinnar pr. 31. desember 1980.

#### 9. gr.

Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníu-  
hljómsveitarinnar. Starfsfólk á skrifstofu og til aðstoðar við æfingar, tónleika,  
nótnavörslu og annað skal framkvæmdastjóri ráða að fengnu samþykki ráðninga-  
nefndar ríkisins.

#### 10. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal  
sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%) samkvæmt  
7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt rennur til greiðslu kostnaðar ferðanna.

#### 11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd  
laga þessara.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 103. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdu  
því svofelldar athugasemdir og fylgiskjal:

„Hinn 20. september 1980 skipaði menntamálaráðherra, Ingvar Gislason, nefnd  
til að endurskoða frumvarp um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem lagt hefur verið  
fram á Alþingi en ekki náð afgreiðslu. Skyldi nefndin gera tillögur að nýju frum-  
varpi, þar sem tekið væri á atriðum sem verið hafa umdeilanleg og tafið framgang  
málsins, á þann hátt að ætla mætti að frumvarpið næði fram að ganga.

Í nefndina skipaði hann Gerði Steinþórsdóttur, varaborgarfulltrúa, sem jafn-  
framt er formaður nefndarinnar, Sverri Garðarsson formann Félags íslenskra hljóm-  
listarmanna og Inga R. Helgason hrl., sem nú er fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn  
Sinfóníuhljómsveitarinnar. Var skipun í þessa nefnd gerð að höfðu samráði við  
Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra og Ragnar Arnalds fjármálaráðherra sem báð-  
um er umhugað um að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé búinn eðlilegur lagagrund-  
völlur.

Nefndin hóf þegar störf og hefur haldið allmarga fundi og einnig fengið á fundi  
til sín forystumenn sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur hefur hún

rætt við aðila sem kunnugir eru málinu og þegið ráð úr ýmsum áttum. Nefndin hefur nú lokið störfum 6. apríl 1981 og er sammála í öllum greinum varðandi frumvarpið og athugasemdir við það.

Nefndin víðaði að sér mörgum gögnum og fór yfir þau lagafrumvörp sem lögð hafa verið fram á árunum 1977—79 á 99., 100., 101. og 102. löggjafarþingi. Nefndir þær sem stóðu að fyrrnefndum frumvörpum voru þessar:

Nefnd skipuð af Vilhjálmi Hjálmarssyni menntamálaráðherra 26. október 1976: Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Ólafur B. Thors, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Pálmi Jónsson, alþingismaður og Örn Marinósson, fulltrúi. Nefndin lauk störfum 26. apríl 1977.

Nefnd skipuð af Ragnari Arnalds menntamálaráðherra 31. ágúst 1978: Kristinn Hallsson, fulltrúi, formaður, Jón Bóðvarsson, deildarstjóri og Gunnar Egilson, hljóðfærалеikari. Nefndin lauk störfum 3. apríl 1979.

Eins og áður segir fékk nefnd sú sem að þessu lagafrumvarpi stendur það veganesti að gera frumvarp sem ætla mætti að viðtæk samstaða næðist um utan þings og innan. Með hliðsjón af því urðu meginþættir í störfum nefndarinnar svo sem hér segir:

1) Sjálfstæð stofnun. Megintilgangur frumvarpsins er að setja á stofn Sinfóníuhljómsveit Íslands sem sjálfstæða menningarstofnun, er starfi undir menntamálaráðuneytinu. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að tryggja fjárhagsgrundvöll hljómsveitarinnar, setja stofnuninni hæfileg markmið og verkefni með lögum og gera henni kleift að taka upp samninga við aðra á sviði menningarmála. Frumvarpið stefnir að því að allur rekstur hljómsveitarinnar verði sjálfstæður og hafi það fyrst og fremst að markmiði að þjóna því menningarhlutverki sem sinfóníuhljómsveitir um allan heim gegna.

Allt það í fyrri frumvörpum sem lýtur að þessu meginmarkmiði er tekið óbreytt upp í þetta frumvarp og við það bætt ýmsu sem á að styrkja og tryggja þennan höfuðtilgang frumvarpsins. Um þetta hafa menn verið sammála og talið nauðsynlegt að koma þessari menningarstarfsemi á lagagrundvöll.

2) Rekstraraðild og fjárframlög. Þótt menn séu sammála um að Sinfóníuhljómsveit sé æskileg og nauðsynleg eru á hinn bóginn skiptar skoðanir um hvernig eigi að standa undir kostnaði við hana. Vísað er hér til kaflans um aðdraganda og sögu Sinfóníuhljómsveitarinnar hér á eftir.

Hún er vaxin upp úr tónlistar- og menningarlífi Reykjavíkur en sinnir þó á sinn hátt þörfum landsmanna allra og er orðin öflugur bakhjarl í tónlistarlífi þjóðarinnar. Tónlistarmenn og áhugamenn um tónlist hafa barist sleitulaust fyrir stofnun og tilvist hljómsveitarinnar undanfarna áratugi, en brotið var blað í þróunarsögu hljómsveitarinnar á árinu 1950 þegar Ríkisútvarpið ákveður að leggja til hennar 200 þús. kr. og Reykjavíkurborg 150 þús. kr. Segja má að með þessum hætti séu þessir aðilar í fjárhagslegu tilliti foreldrar eða guðfeður hljómsveitarinnar en þeir hafa æ síðan stutt hana með framlögum í líkum hlutföllum. Ríkissjóður bættist í hópinn 1952 og tók að sér þriðjung 1961 og helming 1971.

Höfundar fyrri frumvarpa hafa talið eðlilegt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, en ekki Reykjavíkurborg ein, legðu Sinfóníuhljómsveitinni til fé á móti ríkissjóði og Ríkisútvarpi. Eru mörg rök fyrir þessu sjónarmiði, m. a. þau, að íbúar alls höfuðborgarsvæðisins hafa sömu aðstöðu til að sækja reglulega hljómsveitina og betri aðstöðu en íbúar annars staðar á landinu. Um þetta náðist ekki samkomulag og þetta atriði varð að ásteytingarsteini á þingi.

Varð það eitt af aðalverkefnum nefndarinnar að kanna til hlítar hver afstaða sveitarfélaganna væri í raun til fjárframlaga í þágu Sinfóníuhljómsveitarinnar. Í stuttu máli varð niðurstaða nokkurra funda sú, að Hafnarfjörður, Kópavogur og Garðabær neituðu alfarið að leggja nokkuð af mörkum í þessu skyni. Afstaða þeirra byggðist ekki á andstöðu við Sinfóníuhljómsveitina sem slíka heldur voru forystumennirnir þeirrar skoðunar að hér væri um að ræða verkefni, sem ríkið eitt ætti

að kosta. Á hinn bóginn tilkynntu Seltjarnarnes og Reykjavíkurborg þann vilja sinn að leggja fram fé til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar í framtíðinni eftir þeim hlutföllum sem þessi sveitarfélög myndu hafa greitt miðað við íbúafjölda, ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu greitt 25% af útgjöldum hljómsveitarinnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur fjallaði um málið 2. apríl 1981 og þar var samþykkt með 13 samhljóða atkvæðum umsögn borgarráðs um frumvarpsdrög þessi þar sem m. a. segir: „Þótt ýmis rök megi að því færa, að hljómsveitin sé að öllu leyti kostuð af ríkisvaldinu mun Reykjavíkurborg ekki nú fremur en áður skorast undan þátttöku í rekstri hennar“.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið varð nefndinni fullljós endanleg afstaða sveitarfélaganna til framlaga í þessu skyni og af þeim ástæðum er lagt til að Reykjavíkurborg leggi fram 18% og Seltjarnarnes 1% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, að frádrögnum eigin tekjum hennar og skemmtanaskatti.

Lagt er jafnframt til að ríkið greiði þá 56% af kostnaði og Ríkisútvarpið 25% í samræmi við fyrri tillögur og þá afstöðu sveitarfélaganna sem áður er lýst.

Hér er því rekstraraðildin ákveðin með samkomulagi og ætti ekki að verða deilumál á Alþingi.

3) Fjárhagsgrundvöllur. Með þessu frumvarpi er stefnt að því að skapa traustan fjárhagsgrundvöll fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hingað til hafa tekjur hljómsveitarinnar byggst á munnlegu ótímabundnu samkomulagi rekstraraðila. Ekki hefur verið hægt að ráða hljóðfæraleikara til hljómsveitarinnar nema til eins árs í senn og í öllum fjárhagslegum efnum hefur ríkt mikil óvissa. Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar þarf hins vegar að skipuleggja langt fram í tímann, bæði vegna stjórnenda og einleikara, svo og verkefna, í því skyni að samhæfa starfið öðrum tónlistarviðburðum og til þess að forðast handahóf í rekstrinum. Þetta hefur verið mjög erfitt vegna fjárhagsóvissunnar. Ef Sinfóníuhljómsveitin hefði ekki verið í vist hjá Ríkisútvarpinu undanfarin ár hefði þetta úthald ekki verið mögulegt.

Ef frumvarp þetta verður að lögum markar það mikilvægan áfanga í sögu hljómsveitarinnar þar sem þessari starfsemi er þá búinn lagagrundvöllur. Tekjur hljómsveitarinnar eiga að verða tryggðar. Tekjurnar eru af tvennum toga: Fyrst eru tekjur af eigin tónleikahaldi og upptökum fyrir útvarp. Þar munar mestu um greiðslur Ríkisútvarpsins en þær tekjur eiga að samsvara því að útvarpið keypti tónlistarflutning Sinfóníuhljómsveitarinnar á venjulegu verði, enda getur Ríkisútvarpið ráðið efni á eigin upptöku. Ef eigin tekjur hljómsveitarinnar 1980, þ.e. 8.8% af kostnaði, eru lagðar við greiðslur Ríkisútvarpsins 25% í framtíðinni, kemur í ljós að eigin tekjur af starfsemi hljómsveitarinnar eru rúmlega þriðjungur af kostnaði hennar og stefnt er að því að auka þær tekjur. Síðan eru styrktartekjur frá tveimur sveitarfélögum og ríkinu. Tekjur frá sveitarfélögum eru í samræmi við það sem verið hefur áður, að visu heldur minni, en eiga að verða tæplega fimmtungur kostnaðar. Frá ríkinu kemur beint framlag í fjárlögum og síðan lögbundinn hluti af söluskatti og nemur þetta hvortveggja vel rúmlega helmingi alls kostnaðar.

Lögd er höfuðáhersla á í frumvarpi þessu að stjórn hljómsveitarinnar og verkefnavalsnefnd geri ýtarlegar áætlanir um verkefni og kostnað og leggi þær áætlanir fyrir rekstraraðila í tæka tíð svo að það liggi fyrir þegar framlögin eru ákveðin fyrir hvert ár.

Þegar tekjurnar eru tryggðar á þann veg sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, ætti fjárhagsóvissan að hverfa og skipulagning starfsins að verða auðveldari og hnitmiðaðri.

4) Lágmarksstærð. Eitt markverðasta ákvæði þessa frumvarps er lagaleg staðfesting á lágmarksstærð hljómsveitarinnar. Um stærðina hafa menn deilt og nefndir klotnað. Mönnum hefur jafnvel dottið í hug að hafa stærðina breytilega og ákveða í fjárlögum fyrir eitt ár í senn. Í fyrsta frumvarpinu var lagt til að stærð hljóms-

sveitarinnar yrði allt að 65 stöðugildum en hér er gert ráð fyrir að 65 stöðugildi séu lágmarkstala fastra hljóðfæraleikara. Heimilt sé að bæta við aukamönnum ef verkefni krefjast þess og að því tilskildu að kostnaður sé innan fjárhagsáætlunar. Þetta ákvæði á að tryggja lágmarksgæði og tala stöðugilda er við það miðuð að hægt sé að nefna hljómsveitina Sinfóníuhljómsveit.

*Athugasemdir við einstakar greinar og breytingar á frumvarpinu frá 1979.*

Um 1. gr.

Hljómsveitin hefur síðan 1. mars 1956 borið heitið Sinfóníuhljómsveit Íslands og því er haldið hér enda á hún að þjóna öllu landinu þótt heimili hennar og varnarping sé í Reykjavík. Málefni hljómsveitarinnar hafa jafnan heyrt undir menntamálaráðuneytið, en kjaramál eru þó á sviði fjármálaráðuneytisins sbr. það sem sagt er um það efni í 5. og 9. gr. frumvarpsins.

Hér er lagt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun með sjálfstæða stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Um 2. gr.

Tilgangurinn með starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar er að glæða og efla áhuga á æðri tónlist í landinu, veita mönnum þá menntun og gleði sem góðri tónlist er samfara og búa íslenskum hlómlistarmönnum og tónskáldum starfsvettvang. Leggja ber áherslu á að sem flestir landsmenn fái notið starfs hljómsveitarinnar t. d. með því að hún efni til hljómleika oft og víða og eigi greiðan aðgang að útvarpinu. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að tengja beri starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er. Er þetta mjög mikilvægt lagaatriði og leggur stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar á herðar ríkar skyldur í þessum efnum. Hér er átt við tónlistarkennslu jafnt í tónlistarskólum og almennum skólum í landinu.

Um 3. gr.

Hér er ráðgert að breyta núgildandi tilhögun um rekstraraðild og frá því sem lagt var til í frumvarpinu frá 1979.

Fellt er niður ákvæðið um stofnkostnað og greiðslu hans úr fyrra frumvarpi til þess að leggja áherslu á að fjárframlög rekstraraðila lúti eingöngu að rekstri hljómsveitarinnar en stuðningurinn nái ekki til fjárfestinga í stofnkostnaði svo sem hljómleikasal eða hljómleikahúsi. Á hinn bóginn telst til rekstrarútgjalda nauðsynleg nótnakaup, kaup á nótnastatívvum, stólum, skrifstofuáhöldum og öðrum áhöldum sem nauðsynleg eru í rekstri eða starfi hljómsveitarinnar. Þetta nær ekki til hljóðfærakaupa enda leggja hljóðfæraleikarar sjálfir til þau hljóðfæri sem þeir leika á. Hljómsveitin hefur hins vegar keypt pákur og nokkur slagverkshljóðfæri og telst það þegar höfuðstóll hljómsveitarinnar, ef frumvarp þetta verður að lögum sbr. ákvæði 8. gr. þess.

Í frumvarpinu 1977 og 1978 var lagt til að rekstraraðilar yrðu svo sem hér segir og framlög þeirra yrðu í eftirgreindum hlutföllum:

Ríkissjóður .....	50%
Ríkisútvarp .....	25%
Borgarsjóður Reykjavíkur, Bæjarsjóður Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Seltjarnarness .....	25%

Þá var einnig lagt til að Reykjavíkurborg yrði greiðsluáðili framlaga fyrir öll sveitarfélögin og innheimti þeirra hluta síðan eftir á og átti skiptingin að vera í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu 1. desember 1979 og útreiknað prósentustig þeirra á framlaginu til Sinfóníuhljómsveitarinnar leit svona út:

Reykjavíkurborg	72.44% íbúa	18.11% stig.
Kópavogur	11.13% íbúa	2.78% stig.
Hafnarfjörður	10.24% íbúa	2.56% stig.
Garðabær	3.84% íbúa	0.96% stig.
Seltjarnarnes	2.34% íbúa	0.59% stig.
	100%	25%

Eftir framlagningu frumvarpsins 1977, en það fékk ekki afgreiðslu á því þingi, lýsti Reykjavíkurborg því yfir í bréfi dags. 12. janúar 1979 til menntamálaráðuneytisins að Reykjavíkurborg gæti sætt sig við þá kostnaðarskiptingu, sem gilt hefði ef frumvarpið hefði náð fram að ganga. Í almennum athugasemdum hér að framan kemur fram, að sveitarstjórnir Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar neituðu að taka þátt í samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að veita Sinfóníuhljómsveit Íslands fjárhagslegan stuðning sem næmi 25% af nettó rekstrarútgjöldum hennar á móti ríkissjóði og Ríkisútvarpi, en Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes vildu leggja hljómsveitinni lið. Að þessari niðurstöðu fenginni er hér lagt til að framlög Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness séu í svipuðum hlutföllum sem þau hefðu greitt, ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu verið með, en framlag ríkisins hækkað um það er þau hefðu borgað sem skárust úr leik. Þetta hefur í för með sér að hlutfall Reykjavíkurborgar er 18% og hlutfall Seltjarnarness er 1%.

Ákvæði um að heimila fleiri sveitarfélögum að gerast aðilar að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands eftir að frumvarpið er orðið að lögum er óbreytt úr fyrri frumvörpum en í því falli að slíkt gerðist myndi hlutur ríkisins minnka þar til komið væri að 25% markinu sem sveitarfélögin legðu af mörkum til hljómsveitarinnar.

Ákvæðið í frumvörpum 1977/1979 um að Reykjavík sé greiðsluaðili og innheimtuaðili á framlagi sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins er hér fellt niður.

Framlag Ríkisútvarpsins er óbreytt frá frumvarpinu 1979 eða 25% en í frumvarpinu frá 1977 var hlutfall þetta 28%. Það prósentustig sem hér er miðað við 25% er nálægt því að vera verðmæti þeirra réttinda sem Ríkisútvarpið hefur á útsendingum hljómleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þeim upptökum sem sérstaklega eru gerðar fyrir Ríkisútvarpið af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Samkvæmt framansögðu er hér lagt til að framlag ríkisins verði 56% af rekstrar-kostnaði hljómsveitarinnar.

Heimildarákvæðið um samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila um uppfærslu söngleikja á viðskiptagrundvelli er óbreytt í þessu frumvarpi að öðru leyti en því að sleppt er orðalaginu um að framlög hljómsveitarinnar í þessu skyni skuli greidd af rekstrarfé hennar. Hér þurfa því aðilar að semja á venjulegum viðskiptagrundvelli en þetta heimildarákvæði ber að sjálf-sögðu að túlka þannig að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að stuðla að og auðvelda svo sem kostur er tónlistarflutning í samvinnu við aðra aðila svo sem Þjóðleikhúsið, Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn eftir því sem við verður komið og um semst á viðskiptagrundvelli.

Þá er hér gert ráð fyrir því að hljómsveitin kappkosti að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefnt skuli að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fái greidd af slíkum tekjum hennar. Ætíð er vafasamt að setja fjárhagsmarkmið eins og þetta í lög, en rétt þykir að gera það hér til áherslu og leiðbeiningar fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Með þessu ákvæði er henni uppálagt að stefna að því að eigin tekjur hljómsveitarinnar verði sem mestar og keppa að 12% markinu. Þegar fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar 1956 var gerð var reiknað með 5.8% tekjum af tónleikahaldi hennar og hafa eigin tekjur hljómsveitarinnar verið lengst af síðan kringum þetta prósentustig. Núverandi stjórn hljómsveitarinnar hefur reynt að auka þessar tekjur sem mest má verða og hefur árangurinn orðið sá, að árið 1978 námu eigin tekjur 6.24% af útgjöldum, árið 1979 námu eigin tekjur 7.21% af útgjöldum og árið 1980 námu eigin tekjur 8.88% af útgjöldum.

#### Um 4. gr.

Hér er að nokkru breytt frá því sem gert var ráð fyrir í fyrri frumvörpum. Skv. þessu frumvarpi skal stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skipuð 5 mönnum og eiga rekstraraðilar fulltrúa í stjórninni auk starfsmannafélags hljómsveitarinnar. Hér skal tekið fram að Seltjarnarnes óskaði ekki eftir hlutdeild í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar og er ráð fyrir því gert að forráðamenn sveitarfélaganna hafi samráð um afstöðu í stjórninni enda þótt Reykjavíkurborg skipi ein stjórnarmanninn. Hér er lagt til að menntamálaráðuneytið skipi formann stjórnarinnar án tilnefningar, en fellt er niður ákvæði um að formaðurinn skuli hafa staðgóða tónlistarmenntun. Auðvitað er það gott ef formaður stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur staðgóða tónlistarmenntun en hann þarf ekki síður að hafa menntun og þekkingu í aðrar áttir og einkanlega að því er lýtur að fjárumssýslu og almennum rekstri.

#### Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar en þau eru óbreytt frá fyrri frumvörpum.

#### Um 6. gr.

Hér er heimilað að ráða fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra að Sinfóníuhljómsveitinni. Þetta heimildarákvæði er óbreytt úr fyrri frumvörpum og er nauðsynlegt í því skyni að tryggja listræna leiðsögn og samfellu í starfi hljómsveitarinnar.

Hér er einnig heimilað að ráða 65 fasta hljóðfæraleikara til hljómsveitarinnar. Þetta er lögundið lágmark og er eitt meginatriði frumvarpsins. Ef þetta verður að lögum er verið að stofnsetja Sinfóníuhljómsveit, það er hljómsveit, sem er fær um að takast á við flest sinfónísk verkefni tónbókmenntanna. Í Sinfóníuhljómsveit eru 16 hljóðfæraflokkar og fjöldi hljóðfæra í hverjum flokki ræðst af tónverkum þeim sem leikin eru. Það er óumdeilanlegt að mati nefndarinnar að eigi hljómsveitin að vera fær um að flytja sinfónísk verk þá kemst hún ekki af með færri en 65 hljóðfæraleikara. Mörg verkefni krefjast mun fleiri hljóðfæraleikara og má þá skv. þessari grein ráða aukamenn ef það er innan marka áætlaðra fjárveitinga.

Þá er óbreytt ákvæðið úr fyrri frumvörpum um heimild til að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar og panta verk frá tónskáldum til flutnings hjá hljómsveitinni.

#### Um 7. gr.

Um verkefnaval hefur stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands ákvörðunarvald en henni til ráðuneytis er sérstök nefnd sem skipuð er 7 mönnum, sem taldir eru upp í greininni. Er talið rétt að Tónskáldafélag Íslands eigi þarna aðild svo og starfsmenn hljómsveitarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar formann verkefnavalsnefndar og er því skilyrði bætt við í þetta frumvarp frá fyrri frumvörpum að hann hafi staðgóða tónlistarmenntun.

Mjög nauðsynlegt er að verkefnavalsnefnd fari eftir ákvæðum 2. málsg. 7. greinar í þessu frumvarpi og sjái um að áætlun og kostnaðaryfirlit fyrir hvert starfsár verði lagt fyrir stjórn hljómsveitarinnar eigi síðar en 1. júní ár hvert, svo að kostur sé með eðlilegum hætti að leggja þær áætlanir fyrir rekstraraðila.

Samkvæmt þessari grein hefur verkefnavalsnefnd það hlutverk á hendi að gera tillögur um alla starfsemi hljómsveitarinnar, þ. á m. verkefni hennar, stjórnendur, einleikara, einsöngvara og samstarf við kóra, Þjóðleikhús og aðra aðila.

#### Um 8. gr.

Hér er lögð áhersla á að starfs- og fjárhagsáætlun Sinfóníuhljómsveitarinnar sé gerð með nægum fyrirvara til þess að sú áætlun sé fyrir hendi til hliðsjónar þegar aðilar fjalla um fjárframlög til hljómsveitarinnar. Er miðað við að slík áætlun sé a. m. k. til 1 árs fram í tímann. Þá fjallar greinin um reikningsskil og endurskoðun.



Sjái stjórn hljómsveitarinnar einhvern tíma á starfsárinu, að áætlanir hennar komi ekki til með að standast, ber henni að gera rekstraraðilum sínum aðvart og óska eftir aukafjárveitingu.

Rétt þykir að lokum að setja ákvæði um eignir og skuldir hljómsveitarinnar sem reikningslegt upphaf Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem verður sjálfstæð stofnun, ef frumvarp þetta verður að lögum. Helstu efnislegir fjármunir hljómsveitarinnar eru áhöld og hljóðfæri reiknuð 31. desember 1980 að frádregnum afskriftum á gkr. 13 751 209.00.

#### Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hin sömu og í frumvarpinu frá 1979. Hér er ákvæði um starfsemi hljómsveitarinnar sem sjálfstæðrar stofnunar og þarfnast ekki frekari skýringar.

#### Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nákvæmlega eins og ákvæði 10. gr. frumvarpsins frá 1979. Fyrst komu í lög árið 1952 ákvæði um að hluti skemmtanaskatts rynni til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Síðar var lögnum um skemmtanaskatt breytt með lögum nr. 57/1957, þar sem í 3. gr. þeirra laga segir að innheimta skuli skemmtanaskatt með 10% álagi, sem renni til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í nágildandi lögum um skemmtanaskatt nr. 58/1970 segir í 7. gr. að 10% af skemmtanaskatti skuli renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í 2. gr. þessa frumvarps segir að hljómsveitin skuli meðal annars standa fyrir tónlistarflutningi víðsvegar um landið. Nú er skemmtanaskatturinn greiddur af öllum landsmönnum og er því ekki óeðlilegt að sá hluti hans sem rennur til hljómsveitarinnar verði látinn standa undir kostnaði við ferðirnar eins og til hrekkur.

#### Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Fylgiskjal.

Rétt þykir að rekja hér stuttlega sögu Sinfóníuhljómsveitarinnar og er stuðst við samantekt Guðmundar Jónssonar óperusöngvara, ársskýrslu Ríkisútvarpsins 1975 og fleiri gögn.

Aðdragandinn að stofnun og starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar er orðinn býsna langur, ef alls er gætt. Starfsaldur hljómsveitarinnar í núverandi búningi er hins vegar talinn frá 9. mars 1950 og hélt því hljómsveitin hátiðlegt 30 ára afmæli sitt á s. l. ári. Þessi fæðingardagur er talinn frá fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar hinn 9. mars 1950. Þá hét hún að vísu Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur, það var ekki fyrr en 1. mars 1956 að hún hlaut nafnið Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á árinu 1876 var að líkindum gerð fyrsta tilraun hérlendis til að mynda hljómsveit. Þá var stofnað „Lúðrabeytarafélag Reykjavíkur“ og voru hljóðfærin sex í þeirri fyrstu sveit. Forystumaður, kennari og stjórnandi var Helgi Helgason tónskáld. Lúðrabeytarafélagið starfaði um árabíl við miklar vinsældir.

Á árinu 1912 voru tvær lúðrasveitir stofnaðar í Reykjavík og á því ári voru haldnir þar tónleikar þar sem „Hljóðfæraflokkur Oscars Johansens“ lék lög eftir Sibelius, Ole Bull o. fl. Oscar Johansen, danskur fiðluleikari, sem hér starfaði nokkur ár í byrjun aldarinnar, mun hafa fengið til liðs við sig nokkra áhugasama hljóðfæraleikara og æft þá saman. Árni Thorsteinsson segir í minningum sínum

að „hinn smekkvísi og vandaði flutningur Johansens á stærri og smærri tónverkum“ hafi haft mikil og þroskandi áhrif á tónlistarsmekk bæjarbúa á þessum árum. Ekki starfaði þessi „hljóðfæraflokkur“ þó nema skamma hríð.

Á árinu 1921 var von á Kristjáni IX. konungi til Íslands og var þá leitað til Þórarins Guðmundssonar að hann næði saman og æfði hljómsveit sem léki síðan í veislu konungi til heiðurs. Úr þessu varð 20 manna hljómsveit og í framhaldi af leik hennar var svo stofnuð „Hljómsveit Reykjavíkur“ síðar á árinu 1921. Enda þótt tónleikahald væri óreglulegt hafði hún ótrúlega mikil áhrif þann aldarfjórðung sem hún starfaði. Óþarft er að tíunda það fórnarstarf sem íslenskir hljóðfæraleikarar inntu af hendi á þessum árum, en hætt er við að ýmislegt hefði verið hér fátæklega ef engin hefði verið hljómsveitin. Nægir að nefna Alþingishátíðina, ýmsa söngleiki í Iðnó, „Sköpunina“ og „Árstíðirnar“ eftir Haydn, „Messias“ eftir Händel og „Jóhannespassíuna“ eftir Bach.

Á árinu 1946 var þessum málum svo komið að Hljómsveit Reykjavíkur var hætt störfum vegna ýmislegra erfiðleika, en í sambandi við Tónlistarskólann starfaði strengjasveit og voru kennarar skólans máttarstöðir hennar. Félag íslenskra hljóðfæraleikara hafði sett saman hljómsveit sem var mjög skammlíf. Síðan stofnuðu hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur, en einnig hún virtist varla geta átt langt líf fyrir höndum. Mestallt þetta starf fram að þessu var borið uppi af áhuganum einum og var lítt eða ekki launað. Hljómsveitarmenn þurftu flestir að sjá sér farborða með annarri vinnu sem misjafnlega samrýmdist þessu áhugastarfi og hlaut það að koma niður á starfsaðstöðu og starfsárangri hljómsveitarinnar.

Á árinu 1947 voru uppi ráðagerðir um stofnun Sinfóníuhljómsveitar og stæðu Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið og Tónlistarfélagið sameiginlega að rekstri hljómsveitarinnar, sem að auki nyti sérstaks skatts sem lagður yrði á aðgöngumiða að kvikmyndahúsum. Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis bar fram á þingi 1948 frumvarp um rekstrarsjóð Sinfóníuhljómsveitar Íslands en það frumvarp varð ekki útrætt.

Hinn 7. febrúar 1950 var á fundi útvarpsráðs samþykkt tillaga borin fram af þáverandi útvarpsstjóra og tónlistardeild um að verja allt að 200 þús. kr. í tilraunaskyni til starfrækslu Sinfóníuhljómsveitar frá febrúarþyrjun til 15. júní 1950. Þegar þessi samþykkt var gerð höfðu hljómsveitarmálin verið rædd á sex fundum ráðsins í árslok 1949 og í ársþyrjun 1950. Því er ekki að leyna að ekki voru allir á einu máli um þessa ráðstöfun. Óttuðust sumir að þessi samþykkt hlyti að koma niður á annarri dagskrá útvarpsins þegar svo miklum hluta fjárins væri varið til rekstrar hljómsveitarinnar. Á þessu sama ári veitti Reykjavíkurborg 150 þús. kr. til rekstrar hljómsveitarinnar og var það stuðningur sem um munaði. Hinn 9. mars 1950 hélt svo Sinfóníuhljómsveitin fyrstu tónleika sína. Frá upphafi var litið svo á að hljómsveitin væri sérstök stofnun en í nánnum tengslum við Ríkisútvarpið. Stjórn hljómsveitarinnar skipuðu þrír menn tilnefndir af Ríkisútvarpinu, bæjarráði Reykjavíkur og hljóðfæraleikurunum.

Á árinu 1952 var fyrst veittur ríkisstyrkur til hljómsveitarinnar og var það ákveðinn hundraðshluti af skemmtanaskatti.

Vorið 1955 var ljóst orðið að til stórvandræða horfði um framtíð hljómsveitarinnar. Ört vaxandi dýrtíð á þessum árum hafði gert rekstur hljómsveitarinnar ærferðari og jók á óvissuna um framtíð hennar. Þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, skipaði þá fimm manna nefnd. Birgi Thorlacius, Sigtrygg Klemensson, Ragnar Jónsson, Guðlaug Rósinkranz og Vilhjálm Þ. Gíslason til að fjalla um málið og haustið 1955 lagði nefndin til að „Sinfóníuhljómsveitin yrði rekin sem sjálfstætt fyrirtæki í eitt ár til reynslu“.

Hinn 1. mars 1956 hóf síðan hljómsveitin störf að nýju en starfsemin hafði að mestu leyti legið niðri frá hausti 1955. Var hljómsveitinni sett 7 manna hljómsveitarráð, skipað fulltrúum þeirra aðila sem áttu haðsmuna að gæta. Fyrsta starfsárið var gert ráð fyrir 900 þús. kr. framlagi Ríkisútvarpsins og 400 þús. kr. frá

Þjóðleikhúsinu gegn ákveðnu vinnuframlagi hljómsveitarinnar. Aðrir tekjustofnar voru 10% álag á skemmtanaskatt sem nam 550 þús. kr., framlag úr bæjarsjóði Reykjavíkur 400 þús. kr., framlög tryggð af Tónlistarfélaginu 150 þús. kr. og tónleikatekjur 150 þús. kr. Fastráðnir voru 28 hljóðfæraleikarar í fullt starf, 11 á hálfum launum og að auki var gert ráð fyrir allt að 16 lausráðnum hljóðfæraleikurum fyrir einstaka tónleika. eða samtals 55 hljóðfæraleikarar.

Á árinu 1961 breyttist enn skipan þessara mála. Fjárhagsörðugleika átti hljómsveitin sífellt við að stríða, og safnaði hún vaxandi skuldabagga sem að lokum varð lítt viðráðanlegur. Sumarið 1961 var því horfið að því að fela Ríkisútvarpinu reksturinn og hefur sú skipan haldist æ síðan. Þá voru teknir upp fastir áskriftartónleikar og ýmsir liðir í rekstrinum betur skipulagið en áður. Samkomulag varð milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins f. h. ríkissjóðs um að Ríkisútvarpið annaðist rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands en enginn formlegur samningur var um þetta gerður. Hér var um ótímabundið samkomulag að ræða og stóð Reykjavíkurborg að því og hefur virt æ síðan. Þetta samkomulag fjallaði aðallega um tvennt:

- a) Að Ríkisútvarpið annaðist daglegan rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar.
- b) Að föst skipan yrði tekin upp um fjárframlög til hljómsveitarinnar þannig að 4 aðilar legðu hljómsveitinni til rekstrarfé í þessum hlutföllum: Ríkissjóður 36.6%, Ríkisútvarpið 28.0%, Borgarsjóður Reykjavíkur 21.4% og Þjóðleikhúsið 14%.

Á árinu 1969 var farið að síga á ógæfuhlið um reksturinn, en í þetta skipti ekki aðallega af fjárhagsástæðum heldur af erfiðleikum í skipulagningu á vinnu hljómsveitarinnar. Þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði fimm manna nefnd á þessu ári til að finna lausn á rekstrarvandamálum hljómsveitarinnar. Í nefndinni voru Guðlaugur Þorvaldsson, prófessor, formaður; Gunnar Vagnsson, framkvæmdastjóri; Jón G. Tómasson, skrifstofustjóri; Gísli Blöndal, hagsýslustjóri og Gunnar Egilson, hljóðfæraleikari. Nefndin starfaði í 15 mánuði og kannaði ítarlega allar hliðar á rekstri hljómsveitarinnar. Þá hafði Þjóðleikhúsið verið rekstrar aðili að hljómsveitinni frá árinu 1956 eða í tæp 15 ár og átt kröfu á vinnu hljómsveitarinnar í sína þágu allan þann tíma. Var rekstri hljómsveitarinnar þannig komið að ekki var hægt með góðu móti að láta hana sinna öðrum verkefnum en áskriftartónleikum vegna þarfa leikhússins á vinnu hljómsveitarmanna sem var innifalin í starfsskyldu þeirra. Ýmsum þáttum sem þurfti að sinna svo sem barnatónleikum og tónleikaferðum út á land varð að halda í algjöru lágmarki eða fella niður vegna þess að ekki var hægt að segja til um þörf Þjóðleikhússins nema nokkra daga fram í tímann. Útilokaði það alla skipulagningu á starfi hljómsveitarinnar. Ennfremur kom í ljós að vinnuskyldukvöðin kom ójafnt niður á hljómlistarfólki, eða allt frá engri sýningu hjá einum hljómsveitarmanni upp í 60 sýningar hjá öðrum og allt þar á milli. Ógjörningur var að koma í veg fyrir misskiptingu á vinnunni því að þörf Þjóðleikhússins miðaðist við ákveðin hljóðfæri. Niðurstaða nefndarinnar frá 1969 varð því sú að nauðsynlegt væri að Þjóðleikhúsið hyrfi sem rekstraraðili og ríkið tæki á sig framlög Þjóðleikhússins sem ákveðin höfðu verið 1961 og gerði þar með hljómsveitinni kleift að starfa eðlilega.

Á árinu 1971 var því í framhaldi af tillögum nefndarinnar frá 1969 gerð sú breyting á samkomulaginu frá 1961 að ríkissjóður greiddi 50.6%, borgarsjóður 21.4% og Ríkisútvarpið 28% og hafa þau hlutföll haldist síðan. Frá árinu 1971 hefur Þjóðleikhúsið samið sérstaklega um tónlistarflutning við Sinfóníuhljómsveitina og aðra aðila.“